

1865.

6. apríl.

Eptir að skrifazt hefir verið á við aðaltollstjórnina um þetta málefni, skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið Thorsteinson land- og bæjarfógeta það, að fyrst um sinn, þangaðtil öðruvísi verður fyrir skipað, ber að heimta aðkaupsgjald af skipum á Íslandi samkvæmt tilskipun 1. maímán. 1838, en að dómsmálastjórnin er farin að semja við aðaltollstjórnina um, hvort ekki ætti að gjöra breytingu á tilhögun þeirri, sem nú er á málefni þessu, og mun yður seinna meir verða skýrt frá, hver niðurstaðan verður. Um aðferð þá, sem höfð hefir verið með skipið "Fleur de Marie", skal þess þar næst getið, að aðkaupsgjald það, sem lögbodðið er í 50. grein í tilsk. 1. maímán. 1838, á ekki af skipi þessu að vera nema $6\frac{1}{4}$ af hundraði af söluverðinu, eða af 506 rdlr., 31 rdl. 60 sk., þar sem skipið er úr eik og $54\frac{1}{2}$ lest; en nú hefir borgað verið $12\frac{1}{2}$ af hundraði og þó rangt reiknað, 62 rdl. 85 sk. í staðinn fyrir 63 rdl. 24 sk., og eruð þér því beðnir, herra stiptamtmaður, at láta landfógetann borga hlutaðeiganda aptur þá 31 rdl. 25 sk., sem borgaðir hafa verið umfram það sem átti að vera, og færa hið rétta aðkaupsgjald 31 rdl. 60 sk. til á öðrum stað í jarðabókarreikningnum, en gjört hefir verið; það er eign tollsjóðsins, og verður tollstjórninni greidd það úr aðalríkissjóðnum fyrir hönd jarðabókarsjóðsins; á því að færa það til sem borgun á skuld til aðalríkissjóðsins, í stað þess að það hefir verið tilfært sem óviss tekjugrein.

6. apríl.

27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til útgjörðarmanna íslenzka gufupóstskipsins, Kochs og Hendersons, um ferðir þess árið 1865.

Dómsmálastjórnin tilkynnir yður hérmeð, að hún samþykkir áætlun þá um ferðir gufuskipsins Arkturus í ár millum Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, sem þér hafið sent hingað í dag, en þó skal því við bætt, að þarsem þér hafið áskilið að gjöra þá breytingu á áætluninni, að þér megið sleppa sjöttu ferð-

inni, og í stað hennar láta gufuskipið fara eina ferð milli Reykjavíkur og Liverpool, ef það tefst eða verður að dvelja nokkuð að ráði á fyrstu ferðunum, þá getur stjórnarráðið ekki fallið á þetta skilyrði, nema skipið verði fyrir einhverjum sérlegum öföllum, sem ekki verður við búizt, með því að sjötta ferðin er einmitt mjög áriðandi fyrir stjórnnina, en aukaferðin til Liverpool stendur henni á litlu.

1865.
6. apríl.

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.

7. apríl.

Í bréfi dagsettu 16. f.m. hefir sjóliðsstjórnin skýrt frá, að haft sé í hyggju að senda eitt hinna minni gufuskipa í flotanum norður á bóginn, og geti það dvalið hërumbil 10 vikur við strendurnar á Íslandi og Færeyjum. Sjóliðsstjórnin hefir þessu næst skorað á dómsmálastjórnina að skýra sér frá, hvaða höfnum og fjörðum skipið einkanlega eigi að koma við á, og hvort að ástæða sé til að gjöra að öðru leyti breytingar á erindisbréfum þeim, sem foringjunum fyrir slíkum sendiferðum hafa verið gefin.

Um leið og dómsmálastjórnin að öðru leyti skýrskotar til bréfs síns dags. 18. aprílmán. 1859, skal þessu svarað svo:

Eins og á er vikið í bréfi því, sem nú var nefnt, er álitid, að yfirráðin yfir sjónum samkvæmt konungsráðgjörð 22. febrúarmán. 1812 náí viku sjávar frá yztu ey eða hólma við land, sem sjór ekki gengur yfir. En með því að sjá mátti af skýrslu þeirri, sem Albeck sjóliðsforingi sendi sjóliðsstjórninni árið 1863,

¹⁾ Áætlunin um ferðir póstskipsins var svolátandi:

Arkturus fer af stað:

frá Kaupmannahöfn:

frá Reykjavík:

1. ferð 7. aprílmán.

25. aprílmán.

2. — 13. maímán.

31. maímán.

3. — 17. júnimán.

3. júlímán.

4. — 22. júlímán.

10. ágústmán.

5. — 31. ágústmán.

20. septembermán.

6. — 11. októbermán.

3. nóvembermán.